

## **2. fundur svæðisráðs rekstrarsvæðis 1 í Vatnajökulspjóðgarði haldinn mánudaginn 12. nóvember 2007 kl. 16:00.**

**Fundarstaður: Ásbyrgi.**

### **Á fundinn mættu:**

Rúnar Þórarinnsson (RÞ) formaður frá Norðurþingi, Böðvar Pétursson (BP) varaformaður frá Skútustaðahrepp, Friðrika Sigurgeirsdóttir (FS) frá Þingeyjarsveit, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (IÁJ) frá umhverfisverndarsamtökum, Ingvar Þóroddsson (IÞ) frá Samtökum útivistarfélaganna, Yngvi Ragnar Kristjánsson (YRK) frá Ferðamálasamtökum Norðausturlands og Sigprúður Stella Jóhannsdóttir (SSJ) þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum sem ritaði fundargerð. Þorsteinn Hymer (ÞH) sérfræðingur í Jökulsárgljúfrum sat einnig fundinn.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann sagði frá því að einn fundur var haldinn í svæðisráði í vor og stjórn Vatnajökulspjóðgarðs hefur fundað tvisvar á árinu. Næsti fundur stjórnar er boðaður á Höfn þann 16. nóvember n.k.

### **Eftirfarandi mál voru rædd:**

#### **1. Gestastofa í Mývatnssveit.**

Fram kom að halda á arkitektasamkeppni um allar fjórar gestastofurnar sem rísa eiga í Vatnajökulspjóðgarði, fyrir eru tvær gestastofur, í Ásbyrgi og Skaftafelli. Gestastofa á Skriðuklaustri er fyrst í röðinni, síðan gestastofa í Mývatnssveit. Það liggur fyrir að ákveða staðsetningu á gestastofu í Mývatnssveit. Fundarmenn listu skoðunum sínum á mögulegri staðsetningu stofunnar og voru sammála því að þrjú staðir kæmu helst til greina. Þeir staðir eru í fyrsta lagi nálægt krossgötum við Reykjahlíð, skammt frá núverandi verslun, í öðru lagi við Skútustaði nálægt rannsóknastöðinni, og í þriðja lagi við Múlaveg. Fundarmenn voru einnig sammála um og lögðu á það áherslu að þegar gestastofan verður staðsett og hönnuð verði haldið opnum þeim möguleika að tengja saman gestastofu fyrir Vatnajökulspjóðgarð, gestastofu fyrir verndarsvæði við Mývatn og RAMÝ. Tenging og samþætting starfseminnar myndi styrkja starfsemi þessara aðila. Fundarmenn lögðu einnig á það áherslu að við val á staðsetningu og hönnun yrði gert ráð fyrir nógu rými við gestastofuna þar sem aðkoma væri góð og stækkun og samþætting möguleg. Þar sem skipulagsvaldið er í höndum sveitarfélagsins var ákveðið að senda Sveitastjórn Skútustaðahrepps eftirfarandi bréf:

*Sveitarstjórn Skútustaðahrepps  
b/t Guðrúnar Maríu Valgeirsdóttur*

*Svæðisráð Vatnajökulspjóðgarðs á svæði 1 óskar hér með eftir lóð undir 600m<sup>2</sup> Gestastofu fyrir Vatnajökulspjóðgarð í Mývatnssveit. Lóðin þarf að vera a.m.k. ....xm<sup>2</sup> stór, og vera vel í sveit sett.*

*Svæðisráðið bendir á 3 hugsanlega valkosti varðandi staðsetningu: Við gatnamót Austulandsveggar og Hraunveggar, vestan við "Sniðil" norðan austurlandsveggar eða við Skútustaði. Við staðsetninguna telur svæðisráðið mikilvægt að horft sé til tengimöguleika við gestastofu fyrir Mývatnssveit og Laxá og einnig hugsanlega við Rannsóknarstöðina við Mývatn. Vegna arkitektasamkeppni sem á að fara fram um hönnun fjögurra gestastofa fyrir Vatnajökulspjóðgarð er mikilvægt að niðurstaða fáiast í staðsetninguna hið fyrsta, helst í þessum mánuði.*

*Ef nánari upplýsingar óskast þá veitir undirritaður þær góðfúslega eða varaformaður svæðisráðs Böðvar Pétursson.*

*Virðingarfyllst*

*Rúnar Þórarinsson formaður svæðisráðs Vatnajökulshjóðgarðs á svæði 1.*

## **2. Rekstur gestastofa.**

Rætt var um samrekstur með öðrum aðilum. Sú skoðun kom fram á fundinum að gera ekki ráð fyrir veitingasölu í gestastofu í Mývatnssveit. Nú þegar eru margir aðilar sem selja veitingar á svæðinu. Til að mynda var ákveðið að hætta með veitingarekstur í gestastofunni fyrir verndarsvæði Mývatns. Nokkur umræða var um annan rekstur í gestastofum, hver myndi sjá um slíkan rekstur og hugsanlegan þátt hollvinasamtaka þar af lútandi. Fundarmenn voru sammála því að halda möguleikanum á öðrum rekstri opnum en setja þarf vinnureglur þar um. Svæðisráðið tekur undir það sem áður hafði komið fram á stjórnarfundum Vatnajökulshjóðgarðs að:

*Það sé í lagi að hafa samrekstur svo fremi sem hliðarstarfsemin skyggi ekki á aðalmarkmiðið upplýsingagjöf fyrir Vatnajökulshjóðgarð og fer heldur ekki inn á samkeppnismarkað. Setja þarf vinnureglur um hvernig og hvaða þjónusta er veitt.*

## **3. Landvörslustöðvar.**

Í áætlunum um Vatnajökulshjóðgarð er gert ráð fyrir þremur landvörslustöðvum á svæðinu, Í Vesturdal, Herðubreiðarlindum og Dreka.

Áður en eiginleg umræða um landvörslustöðvarnar hófst vakti IÁJ athygli á menntun landvarða og lagði áherslu á að landvarðanámskeið verði haldið fyrir norðan en það hefur ekki verið gert síðan 1986. Nokkrar umræður urðu um málið og var niðurstaðan sú að:

*Svæðisráð vill beina því til stjórnar Vatnajökulshjóðgarðs, að óskað verði eftir því við Umhverfisstofnun, að halda landvarðanámskeið á Norðurlandi.*

Íþ greindi frá því að Ferðafélag Akureyrar sendi Umhverfisstofnun erindi um að gerðir yrðu þjónustusamningar við ferðafélagið um svæði eins og Herðubreiðarlindir og Dreka í stað þess fyrirkomulags sem nú er. Umhverfisstofnun vísaði erindinu til stjórnar Vatnajökulshjóðgarðs. Hann sagði að ferðafélögin vildu meira og hreinna samstarf og nefndi meðal annars að í þjónustusamningi þyrfti að koma fram hver þjónustan ætti að vera, hvað væri borgað fyrir hana og hvernig verkkaupi fái þá þjónustu sem borgað væri fyrir og eftirfylgni með því. Nokkur umræða var um málið og benti IÁJ á að mikilvægt væri að landverðir væru starfsmenn Vatnajökulshjóðgarðs og hafa þyrfti það í huga við gerð þjónustusamninga. Einnig kom fram sú skoðun að gera mætti auknar kröfur til verksala um menntun og fleira við gerð slíkra þjónustusamninga og tryggja þyrfti mikið og gott samstarf.

RÞ óskaði eftir upplýsingum um hvort bæta þyrfti við landvörslustöðvum á svæðinu. SSJ nefndi að Vestaraland gæti verið framtíðar landvörslustöð með þjónustu fyrir gesti og aðstöðu fyrir landvörð sem hefði eftirlit með svæðinu austan ár. Einnig þyrfti að koma upp aðstöðu fyrir landvörð og upplýsingagjöf við Dettifoss vestan ár en umferð mun aukast þar mjög mikið með tilkomu Dettifossvegar. Niðurstaðan var sú að:

*Svæðisráð telur að það þurfi að koma Vestaralandi og Dettifossi vestan ár inn í umræðuna um landvörslu- og upplýsingastöðvar í Vatnajökulsþjóðgarði.*

#### **4. Göngustígar og vegagerð.**

ÍÁJ rakti helstu atriðin sem koma fram í samantekt um gönguleiðir í Vatnajökulsþjóðgarði sem hann vann í samvinnu við nokkra aðila. Þar var lögð áhersla á að skipuleggja gönguleiðir frá strönd til stranda, umhverfis og inn á jökul, tengingar við núverandi gönguleiðir úr byggð, styttri leiðir frá áningastöðum og göngubrýr yfir erfið vatnsföll á völdum stöðum. Lengri leiðir yrðu aðeins merktar með GPS punktum. ÞH benti á að gera þarf nothæf göngukort af svæðinu.

Fram kom á fundinum að áætlaðar eru kr. 20 milljónir í göngustígagerð á næsta ári fyrir þjóðgarðinn. Þar sem flestar gönguleiðir þjóðgarðsins verða skipulagðar um leið og verndaráætlun verður gerð, vilja menn gjarnan nota þessa peninga í núverandi þjóðgarða þar til farið verður að skipuleggja aðrar gönguleiðir. Forgangsröðun verkefna í Jökulsárgljúfrum væri:

1. Malbika stíg að Dettifossi vestan ár.
2. Jarðvegsskipta hringleið um innsta hluta Ásbyrgis.
3. Malbika stíg að Hljóðaklettum.

*Svæðisráðið leggur á það áherslu að fjármagn næsta árs verði að einhverju leyti nýtt í stór verkefni í Jökulsárgljúfrum.*

Fundarmenn ræddu aðeins vegamál svæðisins en á flestum þeirra verður tekið í verndaráætlun.

*Svæðisráðið leggur áherslu á að sjónarmið svæðisins komi fram varðandi vegagerð á svæðinu og umræðunni, um að aukið fjármagn til vegagerðar innan þjóðgarðsins sé nauðsynlegt, verði haldið á lofti.*

#### **5. Staðan gagnvart landeigendum.**

BP greindi frá stöðu mála varðandi friðlýsingu annarra svæða inn í þjóðgarðinn. Nákvæmar upplýsingar vantar en samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir er óvíst hvort eitthvað af austurbakka Jökulsár verði með frá byrjun utan hugsanlega einhver ræma niður í sandi. Hugsanlega verður áin með. Þá er ekki vitað um Náttúruvættið við Dettifoss austan ár. Reykhlíðungar hafa list andstöðu sinni við að leggja land til þjóðgarðsins og byggist afstaða þeirra ekki síst á stöðu þjóðlendumála. Samkvæmt þessu er útlit fyrir að við stofnun þjóðgarðsins verði aðeins núverandi friðlýst svæði innan hans, þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum, Herðubreiðarlindir og Askja ásamt Jökulsá. En eins og fyrr segir vantar betri upplýsingar um stöðu mála.

#### **6. Fjárlög 2008.**

Farið var yfir drög að rekstrar- og framkvæmdaáætlun 2008. Stjórnin hefur ákveðið að sækja um meira fjármagn til rekstrar og framkvæmda en úthlutað var á fjárlögum.

Rætt var um nauðsyn þess að auka framlag til rekstrar í Jökulsárgljúfrum, sérstaklega þarf að auka framlagið með tilkomu Gljúfrastofu en ekki hlaust neitt viðbótarfjármagn til rekstrar á þessu ári. Fyrir fund stjórnar á föstudag þurfa að liggja skýrar tillögur að rekstri og

forgangsröðun framkvæmda fyrir Jökulsárgljúfur þar sem rekstri Gljúfrastofu verður haldið sér.

*SSJ og RP falið að vinna málið fyrir stjórnarfund þann 16. nóvember n.k.*

### **7. Merki og merkingar.**

RP greindi frá að það á að láta hanna merki þjóðgarðsins sem síðan væri mögulegt að nýta sem vörumerki þar sem við á. Mikil vinna og kostnaður er framundan við að breyta núverandi merkjum og láta gera ný. Það vantar meira fjármagn til merkinga og sótt verður um aukið framlag á aukafjárlögum til þess.

### **8. Staðsetning þjóðgarðsins (aðalstöðvar).**

Stefnt er að því að auglýsa eftir og ráða framkvæmdastjóra fyrir þjóðgarðinn en núverandi framkvæmdastjóri var ráðinn tímabundið til áramóta. Spurning er um hvar aðalstöðvar þjóðgarðsins verða. Nokkrar umræður voru um málið en niðurstaðan var eftirfarandi:

*Svæðisráðið leggur til að aðsetur framkvæmdastjóra þjóðgarðsins verði á einni af starfsstöðvum þjóðgarðsins og að það geti farið eftir búsetu þess sem ráðinn verður. Í þeim efnum kemur norðursvæðið jafnt til greina og önnur svæði.*

### **9. Starfsmannamál.**

Í tengslum við mögulega staðsetningu þjóðgarðsins voru starfsmannamál hans rædd. Fram kom að gert er ráð fyrir að ráða 4 þjóðgarðsverði til starfa á næsta ári, þ.m.t. einn í Mývatnssveit. IÁJ velti upp þeirri spurningu hvort tveir þjóðgarðsverðir ættu að vera á norðursvæði og hvort annar ætti að vera yfir hinum. Nokkrar umræður urðu um málið, svæðisskiptingu milli þjóðgarðsvarða og mögulega verkaskiptingu milli starfsmanna þjóðgarðsins, eftir menntun og áhuga hvers og eins.

*Svæðisráðið telur mikilvægt að horft verði á allan þjóðgarðinn sem eina heild og skoðað verði hvort hafa eigi einhverja verkaskiptingu milli starfsmanna þjóðgarðsins þar sem menntun og áhugasvið hvers og eins nýtist sem best.*

### **10. Verndaráætlun.**

RP velti upp spurningunni. Hvernig viljum við vinna verndaráætlun? Umfang verksins ræðst af hversu stórt svæði lendir innan þjóðgarðsins á norðursvæði. Einnig þarf að fá upplýsingar um hversu miklir fjármunir koma til verksins. Fram kom að einhver svæði eru hugsanlega byrjuð að vinna verndaráætlun og farin að semja við Náttúrustofur um verkið. Mikilvægt er að ráða einhvern, t.d. Náttúrustofuna til að halda utan um vinnuna á þessu svæði en vinnan verði síðan í höndum nokkurra aðila, þ.m.t. starfsmanna þjóðgarðsins. Á fundinum kom fram það sjónarmið að verndaráætlanir og vinna við þær séu samræmdar milli svæða þar sem stjórnin þarf síðan að samræma verndaráætlanir allra svæðanna. Ef verndaráætlanir eru unnar hver með sínu sniði getur samræming orðið mjög erfið.

*Svæðisráð vill koma þeim skilaboðum til stjórnar að athugað verði hvort hyggilegt sé að einn aðili sé ráðinn fyrir allan þjóðgarðinn til að samræma vinnu við verndaráætlun allra svæðanna þó svo að innri vinnan fari fram á svæðunum sjálfum.*

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir